

— Bang! — skotið reið af. Kúlan gekk í gegnum hrysginn einmitt þar sem hún átti að lenda, og risaskepnun hneig niður, eins og járnstoðunum hefði verið kipt burt úr beinagrind, og svo var alt búið.

Það var síður prestsins að brjóta hrygginn. Það var á-hættuskot, en þegar það tókst var dauðinn eins vísl og hjá slátrara. En að skjóta kúlunni annarstaðar í dýrið var til einskis, því það gat blaupið margar mílur með hana í sér.

Það var eins og veiðimanninum þætti þetta hafa alt of bráðan enda og skotið ekki gefa tilefni til merkilegrar veiðisögu, því hann var blátt áfram ólundarlegur á svip, meðan dýrið var í dauðateygjunum; en þegar það var hætt að hreyfast, fór hann að kalla í kerlinguna. Hann fékk ekki svar strax, og hann var hræddur um, að ketið mundi skemmast, ef blóðið rynni ekki úr dýrinu, svo hann tók upp vasahnífinn og skar sundur slagæðina á hálsinum; svo þegar hann sá, hvernig blóðið bunaði, kleip hann um æðina. Svo hóði hann aftur; og svo varð hann að sleppa æðinni aftur, sem hrингaði sig eins og ormur inn í sárinu, til þess að blóðið hlypi ekki í kekki.

Loksins kom frúin með hnífinn og fötuna.

— Þú ert ekki fljót í ferðum, segir prestur, og reynir að láta sem sér standi á sama. — Og sástu hin?

— Ó, hamingjan góða! Þau komu eins og hersylking á gerðið, en þau héldu ofan að sjó.

Svo grípur frúin til hnífssins; eg fatan fyllist af blóði, sem freyðir eins og mjöður, og á meðan krafsar presturinn, með uppbrettar ermar, inn í hálsinum á dýrinu, sem síðan er flutt heim með hjálp vinnufólksins þar í kring; og svo er kaffið drukkið og sláturveiðla haldin, sem endist átta daga.

Svona gekk það til síðastiðið ár.

Nú situr presturinn uppi í kvistherberginu tíunda ágúst og hreinsar byssuna sína, en frúin tekur baunir úr hýðinu úti í gardholunni.

Pá heyrrist fótatak niðri á sandbornum stígnum, og skógarvörður barúnsins frá Stórabæ kemur þrammandi og stanzar með húfuna í annari hendi og hundatengsli í hinni.